

Upplýsingar um kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs – 2017

Markmið

Markmið verðlauna Norðurlandaráðs er að auka áhuga á norrænu menningarsamfélagi og samstarfi um umhverfismál, svo og að veita verkefnum sem skarað hafa fram úr á sviði lista eða umhverfismála athygli. Verðlaununum er einnig ætlað að vekja athygli á norrænu samstarfi og auka sýnileika þess.

Verðlaunamyndin

Úrslit verða tilkynnt miðvikudaginn 1. nóvember 2017 í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Helsinki. Kvikmyndaverðlaunin verða veitt mynd sem hefur mikið menningarlegt gildi, er framleidd á Norðurlöndum, er í fullri lengd og gerð til sýningar í kvikmyndahúsum. Myndin verður að hafa verið frumsýnd í kvikmyndahúsum á tímabilinu 1. júlí 2016 til 30. júní 2017. Verðlaunaupphæðin nemur 350 þúsund dönskum krónum og skiptist jafnt milli handritshöfundar, leikstjóra og framleiðanda. Það undirstrikar að kvikmyndagerð sem listgrein er fyrst og fremst afurð náins samspils þessara þriggja þátta.

Skilyrði fyrir tilnefningu

Til að hljóta tilnefningu verða myndir að eiga rætur í norrænni menningu að verulegu leyti. Þær verða að hafa mikið listrænt gildi, skara fram úr hvað varðar listrænan frumleika og samtvinna og efla hina margvíslegu þætti formsins svo úr verði sannfærandi og heilsteypt verk.

Dómnefndir í löndunum og norræn dómnefnd

Dómnefndirnar í löndunum eru skipaðar þremur fulltrúum sem útnefndir eru af Norrænu ráðherranefndinni (menningarmálaráðherrunum). Dómnefndarfulltrúar eru valdir úr hópi virtra einstaklinga sem hafa faglega reynslu af kvikmyndagreiningu og -rýni. Dómnefndirnar í löndunum eru skipaðar til þriggja ára.

Meðlimir dómnefndanna í löndunum árið 2017 eru:

Danmörk:

Per Juul Carlsen, Jacob Wendt Jensen, Eva Novrup Redvall

Finnland:

Jaana Puskala, Harri Römpötti, Mikaela Westerlund

Ísland:

Hilmar Oddsson, Börkur Gunnarsson, Helga Pórey Jónsdóttir

Noregur:

Inger Merete Hobbeltstad, Kalle Løchen, Britt Sørensen

Svíþjóð:

Kristina Börjeson, Gunnar Bergdahl, Emma Gray-Munthe

Formenn landsdómnefndanna sitja í norrænu dómnefndinni.

Fyrri handhafar kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs

Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs voru veitt í fyrsta sinn árið 2002. Finnsla myndin *Maður án fortíðar* (*Mies vailla menneisyyttä*) eftir Aki Kaurismäki hlaut verðlaunin það ár.

Síðan verðlaunin voru fest í sessi árið 2005 hafa þau verið veitt árlega.
Verðlaunahafar hingað til eru:

2005: *Morðið (Drabet)*. Leikstjórn: Per Fly. Handrit: Kim Leona, Dorte Høgh, Mogens Rukov og Per Fly. Framleiðandi: Ib Tardini fyrir Zentropa, Danmörku.

2006: *Zozo*. Leikstjórn og handrit: Josef Fares. Framleiðandi: Anna Anthony fyrir Memfis Film, Svíþjóð.

2007: *Listin að gráta í kór (Kunsten at græde i kor)*. Leikstjórn: Peter Schønau Fog. Bo Hr. Hansen skrifaði handritið, sem byggt er á skáldsögu Erling Jepsen. Framleiðandi: Thomas Stenderup fyrir Final Cut, Danmörku.

2008: *Þið sem lifið (Du levande)*. Leikstjórn og handrit: Roy Andersson. Framleiðandi: Pernilla Sandström fyrir Studio 24, Svíþjóð.

2009: *Andkristur (Antichrist)*. Leikstjórn og handrit: Lars von Trier. Framleiðandi: Meta Louise Foldager fyrir Zentropa, Danmörku.

2010: *Submarino*. Leikstjórn: Thomas Vinterberg. Handrit: Thomas Vinterberg og Tobias Lindholm. Framleiðandi: Morten Kaufmann fyrir Nimbus Film, Danmörku.

2011: *Svínastían (Svinalängorna)*. Leikstjórn: Pernilla August. Handrit: Pernilla August og Lolita Ray. Framleiðendur: Helena Danielsson og Ralf Karlsson fyrir Hepp Film, Svíþjóð.

2012: *Play*. Leikstjórn og handrit: Ruben Östlund. Framleiðandi: Erik Hemmendorff fyrir Plattform Produktion, Svíþjóð.

2013: *Veðið (Jagten)*. Leikstjórn: Thomas Vinterberg. Handrit: Thomas Vinterberg og Tobias Lindholm. Framleiðendur: Sisse Graum Jørgensen og Morten Kaufmann fyrir Zentropa, Danmörku.

2014: *Hross í oss*. Leikstjórn og handrit: Benedikt Erlingsson. Framleiðandi: Friðrik Þór Friðriksson fyrir Hrossabrest, Íslandi.

2015: *Fúsi*. Leikstjórn og handrit: Dagur Kári. Framleiðendur: Baltasar Kormákur og Agnes Johansen fyrir RVK Studios.

2016: *Hærra en sprengjuregn (Louder Than Bombs)*. Leikstjórn: Joachim Trier. Handrit: Joachim Trier og Eskil Vogt. Framleiðandi: Thomas Robsahm fyrir Motlys, Noregi.

KVIKMYNDAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS 2017 – DANMÖRK

FORELDRAR

ÁGRIP

Hjónin Kjeld og Vibeke fara skyndilega að efast um leið sína í lífinu þegar Esben sonur þeirra flyst að heiman. Fjarvera sonarins veldur því að þeim finnst ekki þörf fyrir þau lengur. Í tilraun til að endurlífga neistann frá sínum yngri árum flytja þau inn í gömlu

stúdentaíbúðina þar sem þau urðu upphaflega ástfangin. Brátt fer furðuleg og óvænt atburðarás af stað, þar sem viðleitni hjónanna til að endurheimta æskuna tekur að breyta þeim í bókstaflegri merkingu. Og þegar þau vakna einn daginn og uppgötva að þau hafa yngst um 30 ár, verða þau að horfast í augu við að fortíðin sem þau eitt sinn þekktu, er kannski ekki til lengur.

LEIKSTJÓRI / HANDRITSHÖFUNDUR – CHRISTIAN TAFDRUP

Christian Tafdrup (f. 1978) er virtur kvikmyndagerðarmaður og leikari í Danmörku. Síðan hann útskrifaðist frá Leiklistarskóla Danmerkur árið 2003 hefur hann leikið í yfir 30 myndum og sjónvarpsþáttaröðum. Hann lék í myndinni *Eftir brúðkaupið* eftir Susanne Bier og í hinum vinsælu sjónvarpsþáttaröðum *Lærkevej* og *Borgen*. Hann vann til Robert-verðlauna fyrir leik sinn í *Borgen* árið 2014. Tafdrup hefur leikstýrt þremur stuttmyndum, meðal annars *En forelskelse*, sem var sýnd á yfir 30 hátíðum og hlaut Robert-verðlaunin sem besta stuttmynd.

Foreldrar er fyrsta mynd hans í fullri lengd. Myndin var heimsfrumsýnd á *Tribeca-kvikmyndahátíðinni* í New York árið 2016 og á fjölda annarra kvikmyndahátíða í kjölfarið.

Hún hefur meðal annars unnið til verðlauna sem besta evrópska myndin á *Neuchâtel International Fantastic Film Festival* og fyrir besta leik í aðalhlutverki (Søren Malling) á Valletta-kvikmyndahátíðinni. Myndin hlaut einnig þrenn Robert-verðlaun fyrir bestu leikstjórn, besta leik og bestu klippingu, og fjögur Bodil-verðlaun danskra kvikmyndagagnrýnenda, m.a. fyrir besta handritið.

Næsta mynd sem Tafdrup skrifar og leikstýrir er gamandramað *En frygtelig kvinde*.

FRAMLEIÐANDI – THOMAS HEINESEN

Thomas Heinesen (f. 1961) útskrifaðist sem framleiðandi frá Kvikmyndaskóla Danmerkur árið 1989. Á ferlinum hefur hann gegnt margvíslegum stöðum í kvikmyndatökuliðum, sem hefur veitt honum yfirgripsmikla þekkingu á ferlinu að baki hverri kvikmynd. Undanfarin 17 ár hefur hann starfað með þekktum dönskum leikstjórum á borð við Susanne Bier, Niels Arden Oplev, Jakob Thuesen og Nils Malmros, og unnið til fjölda verðlauna fyrir barnakvikmyndir sínar, svo sem teiknimyndina *Terkel í klípu*, *Supervoksen* og *Karlas kabale*.

Á meðal væntanlegra mynda hans eru þrívíddarteiknimyndin *Den utrolige historie om den kæmpestore pære* í leikstjórn Philip Einstein Lipski, Jørgen Lerdam og Amalie Næsby Fick, gamanmyndin *En frygtelig kvinde* eftir Christian Tafdrup og stórmyndin og stuttserían *Lykke-Per* eftir Bille August.

FRAMLEIÐSLUUPPLÝSINGAR

Titill á frummáli	<i>Forældre</i>
Leikstjórn & handrit	Christian Tafdrup
Aðalhlutverk	Bodil Jørgensen, Søren Malling, Miri Ann Beuschel, Elliott Crosset Hove
Framleiðandi	Thomas Heinesen
Framleiðslufyrirtæki	Nordisk Film Production
Lengd	87 mínútur

Dreifing innanlands
Alþjóðleg dreifing

Nordisk Film Distribution
LevelK

KVIKMYNDAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS 2017 – FINNLAND

TYTTÖ NIMELTÄ VARPU

ÁGRIP

Tyttö nimeltä Varpu segir sögu hinnar 12 ára gömlu Varpu (Linnea Skog), sem er óðum að vaxa úr grasi á meðan móðir hennar, Siru (Paula Vesala), vill ekki verða fullorðin. Eitt kvöldið hefur Varpu fengið nóg af félögum sínum í hestamennskunni og móður sinni. Hún stelur bíl og ekur norður á bóginn í leit að föður sínum, sem hún hefur aldrei hitt. Fundur Varpu og föður hennar hrindir einhverju af stað í lífi mæðgnanna og kemur þeim í skilning um hvaða hlutverki þær gegna í tilveru hvor annarrar og í heiminum.

LEIKSTJÓRI / HANDRITSHÖFUNDUR – SELMA VILHUNEN

Selma Vilhunen (f. 1976) er leikstjóri, handritshöfundur kvikmynda og heimildarmynda og hefur verið tilnefnd til Óskarsverðlauna. Hún er búsett í Helsinki og var á meðal stofnenda framleiðslufyrirtækisins Tuffi Films.

Vilhunen lauk námi í kvikmyndaleikstjórn frá Tækniháskólanum – Listaháskólanum í Turku í Finnlandi. Hún vann tvisvar til fyrstu verðlauna á stuttmyndahátíðinni í Tampere, með heimildarmyndunum *Minun pikku elefanttini* (2003) og *Ponitytöt* (2008). Hún hlaut Venla-verðlaunin, sem veitt eru fyrir bestu finnsku sjónvarpsmynd ársins, fyrir myndina *Pietä* (2007). Gamanstuttmynd hennar *Pitäköö mun kaikki hoitaa? (Do I Have to Take Care of Everything?)* (2012) var tilnefnd til Óskarsverðlauna árið 2014. Sama ár leikstýrði hún heimildarmyndinni *Laulu* og einnig stuttmyndinni *Tyttö ja koirat* ásamt franska leikstjóranum Guillaume Mainquet, en sú síðarnefnda var frumsýnd á Directors' Fortnight flokknum á Kvikmyndahátíðinni í Cannes.

Tyttö nimeltä Varpu, fyrsta mynd Vilhunen í fullri lengd, var heimsfrumsýnd á Kvikmyndahátíðinni í Toronto 2016 og hefur síðan verið sýnd á yfir 20 alþjóðlegum hátíðum. Hin unga Linnea Skog vann til Jussi-verðlauna fyrir leik sinn í myndinni, auk Nordic Star-verðlauna á hátíðinni *BUFF* í Málmeý.

Heimildarmynd Vilhunen, *Hobbyhorse Revolution*, sem fjallar um táningamenningu tengda leikfangahestum í Finnlandi, var heimsfrumsýnd á Kvikmyndahátíðinni í Tampere 2017 þar sem hún vann til tveggja verðlauna, meðal annars aðalverðlauna hátíðarinnar. Næsta mynd leikstjórans í fullri lengd, *Hölmö nuori sydän*, verður frumsýnd í Finnlandi á næsta ári.

FRAMLEIÐANDI – KAARLE AHO

Kaarle Aho (f. 1968 í Helsinki) er með meistaragraðu í sögu frá háskólanum í Helsinki. Að loknu námi í Helsinki og á Írlandi starfaði hann við kynningu á rússneskri sigildri tónlist í Finnlandi og fleiri Norðurlöndum. Árið 1996 stofnaði hann framleiðslufyrirtækið Making Movies ásamt Kai Nordberg. Síðan hefur fyrirtækið framleitt yfir 50 heimildarmyndir, tíu

kvikmyndir í fullri lengd, tvær sjónvarpsþáttaraðir og fjölda stuttmynda. Afurðir Making Movies hafa fengið dreifingu og verið sýndar í yfir 40 löndum og unnið til níu Jussi-verðlauna, Venla-verðlauna fyrir bestu finnsku sjónvarpsmynd og tveggja Kettu-verðlauna, sem veitt eru fyrir bestu finnsku stuttmyndina. Aho hefur einnig skrifað tvær heimildarmyndir, eina stuttmynd og gefið út skáldsögu.

Nýlegustu myndir hans í fullri lengd eru *Tyttö nimeltä Varpu* eftir Selmu Vilhunen, *Miekkailija* eftir Klaus Härö, sem tilnefnd var til Golden Globe-verðlauna, og *Armoton maa* eftir Jussi Hiltunen.

Aho hefur framleitt heimildarmyndir leikstjóra á borð við Thomas Balmès, Sergey Dvortsevov, Phie Ambo og Tonislav Hristov. Hann er einnig meðframleiðandi *The Look of Silence* eftir Joshua Oppenheimer, sem tilnefnd var til Óskarsverðlauna.

Á meðal væntanlegra mynda hans eru *Tumma Kristus* eftir Klaus Härö og þungarokksgamanmyndin *Impaled Rektum*.

FRAMLEIÐANDI – KAI NORDBERG

Kai Nordberg (f. 1968 í Helsinki) er framkvæmdastjóri og meðstofnandi framleiðslufyrirtækisins Making Movies í Helsinki. Á árunum 1989–1994 starfaði Nordberg sem erlendur fréttaritari og ljósmyndari í Berlín. Árið 1989 nam hann einnig kvikmynda-, sjónvarps- og fjölmiðlafræði við Freie Universität í Berlín. Árið 1996 stofnaði hann Making Movies ásamt Kaarle Aho, sem er eitt virtasta og farsælasta framleiðslufyrirtæki Finnlands í dag. Undanfarið 21 ár hefur fyrirtækið framleitt yfir 50 heimildarmyndir, tíu myndir í fullri lengd, tvær sjónvarpsþáttaraðir og fjölda stuttmynda. Á meðal þeirra sem hlotið hafa mest lof eru sjónvarpsmyndin *Pietà* eftir Selmu Vilhunen (sem var valin besta finnska sjónvarpsmyndin 2007), heimildarmynd Vilhunen *Ponitytöt* (besta langa heimildarmyndin á *Kvikmyndahátíðinni í Tampere* 2008), kvikmyndin *Tyttö nimeltä Varpu* (Jussi-verðlaun fyrir bestu leikkonu í aðalhlutverki 2017), *Musta jää* eftir Petri Kotwica (tilnefnd til Gyllta bjarnarins *Kvikmyndahátíðinni Berlinale* 2008), *Love & Engineering* eftir Tonislav Hristov (besta finnska heimildarmyndin á *Helsinki DocPoint*-kvikmyndahátíðinni) og *Hyvä postimies* (keppti til verðlauna á *Sundance* og *IDFA*-hátíðunum). Kvikmyndin *Miekkailija* eftir Klaus Härö var tilnefnd til bæði Golden Globe- og Óskarsverðlauna árið 2016 og hlaut Jussi-verðlaun sem besta kvikmynd og fyrir besta kvikmyndatöku 2016. Á meðal væntanlegra mynda Kai Nordberg eru *Tumma Kristus* eftir Klaus Härö og þungarokksgamanmyndin *Impaled Rektum*.

FRAMLEIÐSLUUPPLÝSINGAR

Titill á frummáli	<i>Tyttö Nimeltä Varpu</i>
Leikstjórn & handrit	Selma Vilhunen
Aðalhlutverk	Linnea Skog, Paula Vesala, Lauri Maijala
Framleiðendur	Kai Nordberg, Kaarle Aho
Framleiðslufyrirtæki	Making Movies
Lengd	100 mínútur
Dreifing innanlands	B-Plan
Alþjóðleg dreifing	Media Luna

KVIKMYNDAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS 2017 – ÍSLAND

HJARTASTEINN

ÁGRIP

Sögusviðið er afskekkt sjávarþorp á Íslandi. Unglingsdrengrirnir Þór og Kristján eiga viðburðaríkt sumar, uppgötva nýjar tilfinningar og verða fyrir kynferðislegri vakningu. Annar þeirra reynir að ná ástum stúlku á meðan hinn verður var við nýjar kenndir í garð besta vinar síns. Þegar sumarið er á enda og óblíð náttúran krefst síns, er tímabært að yfirgefa leikvöllinn og mæta fullorðinsárunum.

LEIKSTJÓRI / HANDRITSHÖFUNDUR / FRAMLEIÐANDI – GUÐMUNDUR ARNAR GUÐMUNDSSON

Guðmundur Arnar Guðmundsson (f. 1982) er búsettur í Danmörku og á Íslandi. Hann útskrifaðist af myndlistarbraut Listaháskóla Íslands áður en hann flutti til Danmerkur og hóf nám í handritaskrifum. Stuttmyndir hans hafa verið valdar til sýninga á yfir 200 hátíðum og hlotið yfir 50 alþjóðleg verðlaun.

Fyrstu mynd sína í fullri lengd, *Hjartasteinn*, skrifaði hann á námsbraut Cannes Cinéfondation. Síðan myndin var heimsfrumsýnd í flokkinum Venice Days á *Kvikmyndahátíðinni í Feneyjum* 2016 hefur hún slegið í gegn á alþjóðavettvangi, verið sýnd á um 50 hátíðum og hlotið yfir 30 verðlaun, svo sem Queer Lion á *Venice Days*, áheyrendaverðlaun á hátíðunum *CPH:PIX*, *Transilvania*, *Linz Crossing Europe* og *Angers Premiers Plans*, og níu Edduverðlaun, svo sem fyrir bestu kvikmynd, leikstjórn, handrit og leik í aðalhlutverki.

Næsta verkefni Guðmundar Arnar er myndin *Chicken Boy*.

FRAMLEIÐANDI – JESPER MORTHORST

Jesper Morthorst (f.1977) starfar sem framleiðandi hjá SF Studios Production í Danmörku.

Hann lauk BA-gráðu í kvikmynda- og fjölmiðlafræði frá Kaupmannahafnarháskóla og útskrifaðist sem framleiðandi frá kvikmyndaskólanum Super16 í Kaupmannahöfn árið 2006. Undanfarinn áratug hefur hann komið að gerð 18 kvikmynda í fullri lengd, stuttmynda, heimildarmynda og sjónvarpsþáttaraða. Hann hefur framleitt myndir á borð við *Hjartasteinn* og *Stille hjerte* eftir Bille August, svo og hinar vinsælu sjónvarpsþáttaraðir *Norskov* og *Rita*. Myndir hans hafa keppt á stórum kvikmyndahátíðum, svo sem í Berlín, Feneyjum, Toronto, San Sebastián, Karlovy Vary og Rotterdam.

Morthorst var útnefndur „Producer on the Move“ ásamt fleirum á *Kvikmyndahátíðinni í Cannes* 2011, og deildi Lorens-verðlauninum í Gautaborg 2017 fyrir *Hjartastein*.

FRAMLEIÐANDI – ANTON MÁNI SVANSSON

Anton Máni Svansson (f. 1984) stofnaði framleiðslufyrirtækið Join Motion Pictures í Reykjavík árið 2007, með það að markmiði að mynda nán samstarfs- og tengslanet með ungum og hæfileikaríkum leikstjórum og handritshöfundum. Honum tókst fljótlega að skapa sér alþjóðlegt nafn með samstarfi við hæfileikaríka upprennandi leikstjóra og handritshöfunda á borð við Guðmund Arnar Guðmundsson og Hlyn Pálmason. Afurðir

Þessa samstarfs telja nú yfir 100 alþjóðleg verðlaun fyrir kvikmyndir sem hafa verið frumsýndar og keppt til verðlauna á kvikmyndahátíðum um allan heim, meðal annars í Cannes, Feneyjum og Toronto.

Anton Máni Svansson var útnefndur „Producer on the Move“ ásamt fleirum á Kvikmyndahátíðinni í Cannes 2017.

FRAMLEIÐANDI – LISE ORHEIM STENDER

Lise Orheim Stender (f.1984) starfar sem framleiðandi hjá SF Studios Production í Danmörku. Hún lauk námi í kvikmynda- og fjölmiðlafræði frá Kaupmannahafnarháskóla árið 2010 og framleiddi kvikmyndina *Hjartasteinn* árið 2016. Myndin var frumsýnd í Feneyjum í ágúst 2016 og hefur síðan unnið til yfir 30 verðlauna.

FRAMLEIÐSLUUPPLÝSINGAR

Titill á frummáli	<i>Hjartasteinn</i>
Leikstjórn	Guðmundur Arnar Guðmundsson
Handrit	Guðmundur Arnar Guðmundsson
Aðalhlutverk	Baldur Einarsson, Blær Hinriksson, Diljá Valsdóttir, Katla Njálsdóttir
Framleiðendur	Anton Máni Svansson, Lise Orheim Stender, Jesper Morthorst, Guðmundur Arnar Guðmundsson
Framleiðslufyrirtæki	SF Studios Production/Join Motion Pictures
Lengd	129 mínútur
Dreifing innanlands	SF Studios
Alþjóðleg dreifing	Films Boutique

KVIKMYNDAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS 2017 – NOREGUR

FLUEFANGEREN

ÁGRIP

Fluefangeren er pólitísk allegoría um ris og fall einræðisríkis. Sögusviðið er skólastofa og spannar frásögnin einn viðburðaríkan dag þar sem áhorfandinn kynnist Ghani, kennara með háleitar hugsjónir sem missir vinnuna fyrsta skóladaginn. Í lokatilraun til að endurheimta starfið læsir hann nemendur sína inni í skólastofunni og neyðir þá til að finna lausn á átökum sem heimabæir þeirra hafa háð í heilan mannsaldur.

HANDRIT / LEIKSTJÓRN – IZER ALIU

Izer Aliu fæddist í Makedóníu árið 1982, ólst upp í Svíþjóð og settist loks að í Noregi. Hann lauk námi frá kvikmyndaskólanum í Lillehammer í Noregi árið 2012 með útskriftarverkinu *Å vokte fjellet*. Myndin vann til verðlauna sem besta stuttmyndin á norsku Amanda-verðlauninum og var tilnefnd til Óskarsverðlauna kvikmyndaleikstjórnarnema. Önnur stuttmynd hans, *Det gode livet, der borte* (2014), vann til verðlauna sem besta myndin á *Stuttmyndahátíðinni Grimstad* í Noregi.

Fluefangeren er fyrsta kvikmynd hans í fullri lengd. Myndin var tekin í Makedóníu og heimsfrumsýnd á Discovery Programme á Kvikmyndahátíðinni í Toronto 2016. Eftir það

var hún sýnd á fjölda annarra kvikmyndahátíða, meðal annars í Tromsø, þar sem hún vann til norsku friðarkvikmyndaverðlaunanna.

Hinn afkastamikli Aliu vinnur nú að tveimur verkefnum: raunsæisdramanu *12 Bragder*, sem er í eftirvinnslu, og pólitísku stórmyndinni *Slavemerket*.

FRAMLEIÐANDI – KHALID MAIMOUNI

Khalid Maimouni fæddist árið 1979 í Tangiers í Marokkó og kom til Noregs 11 ára gamall. Fyrsta reynsla hans af kvikmyndaheiminum var sem handritshöfundur sjónvarpsþáttaraðarinnar *Glatte gater* (2007) eftir Rune Denstad Langlo og heimildamyndarinnar *99% ærlig* (2008). Frumraun hans sem handritshöfundar og leikstjóra var stuttmyndin *Gateselgerne*, sem Denstad Langlo framleiddi fyrir Motlys (2010). Árið 2012 gekk hann til liðs við helsta eftirframleiðslufyrirtæki Noregs, Storyline Studios, þar sem hann starfaði fyrst í leigudeild kvikmyndatökuvéla og sem eftirframleiðandi áður en hann varð yfirmaður nýrrar framleiðsludeildar fyrirtækisins, The End.

Fluefangeren eftir Izer Aliu er fyrsta myndin sem hann framleiðir í fullri lengd fyrir The End. Væntanleg verkefni Mamouni ásamt Aliu eru norsk/sænska kvikmyndin *12 Bragder*, stuttmyndin *Crazy Love* og pólitíska dramað *Slavemerket*. Sú síðastnefnda byggir á atburðum sem urðu í kringum stærstu námuverkföll Skandinavíu snemma á 20. öld.

Á meðal annarra væntanlegra verkefna Maimounis er *Sáve*, fyrsta samíska barnamyndin í fullri lengd.

FRAMLEIÐSLUUPPLÝSINGAR

Titill á frummáli	<i>Fluefangeren</i>
Leikstjórn & handrit	Izer Aliu
Aðalhlutverk	Burhan Amity, Miraxh Amety, Hadis Aliov, Besar Amity
Framleiðandi	Khalid Maimouni
Framleiðslufyrirtæki	The End
Lengd	109 mínútur
Dreifing innanlands	Europa Film
Alþjóðleg dreifing	LevelK

KVIKMYNDAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS 2017 – SVÍÞJÓÐ

SAMABLÓÐ

ÁGRIP

Elle Marja er 14 ára Samastúlka og hreindýrahirðir. Eftir að hafa kynnst kynþáttafordómum samfélagsins á fjórða áratug 20. aldar og kynþáttarannsóknum í heimavistarskólanum þar sem hún stundar nám, fer hún að láta sig dreyma um annars konar líf. En til að geta lifað því lífi þarf hún að verða einhver önnur en hún er og slíta öll tengsl við fjölskyldu sína og menningu.

LEIKSTJÓRI / HANDRITSHÖFUNDUR – AMANDA KERNELL

Amanda Kernell (f.1986) lauk námi í kvikmyndaleikstjórn frá Kvikmyndaskóla Danmerkur

árið 2013. Frá árinu 2006 hefur hún leikstýrt fjölda stuttmynda sem hlotið hafa lof, þ.á.m. *Stoerre Vaerie (Norra Storfjället)* (2015), sem var frumsýnd á *Sundance kvikmyndahátíðinni* og hlaut fjölda verðlauna, m.a. áhorfendaverðlaun á *Kvikmyndahátíðinni í Gautaborg* 2015 og verðlaun fyrir bestu stuttmynd á *Kvikmyndahátíðinni í Uppsölum*.

Samablóð er fyrsta mynd Kernell í fullri lengd. Myndin var heimsfrumsýnd á *Kvikmyndahátíðinni í Feneyjum* 2016, þar sem hún vann Europa Cinemas Label fyrir bestu evrópsku mynd og Feodora-verðlaun fyrir bestu frumraun í fullri lengd. Í kjölfarið var hún sýnd á yfir 20 alþjóðlegum kvikmyndahátíðum og hlaut fjölda annarra viðurkenninga, svo sem sérstök dómnefndarverðlaun og verðlaun fyrir bestu leikkonu í aðalhlutverki (Lene Cecilia Sparrok) í Tókýó, og Dragon-verðlaunin 2017 fyrir bestu norrænu kvikmyndina og verðlaun Sven Nykvist fyrir bestu myndatöku (Sophia Olsson) í Gautaborg.

Samhliða því að vinna að *Samablóði* hefur Amanda Kernell leikstýrt myndinni *I Will Always Love You Kingen*. Næsta mynd hennar í fullri lengd er samtímadramað *Charter*.

Kernell hefur verið nefnd á meðal tíu áhugaverðustu kvenkyns leikstjóra í dag af Europe! Voices of Women in Film.

FRAMLEIÐANDI – LARS G. LINDSTRÖM

Lars G. Lindström (f. 1955) hefur starfað sem framleiðandi hjá framleiðslufyrirtækinu Nordisk Film í Svíþjóð síðan 2013. Hann á að baki langan og fjölbreyttan feril í kvikmyndum, sjónvarpi og leikhúsi. Áður hefur hann framleitt fyrir Nordisk Film *Babylonsjukan* (2004), fyrstu mynd leikstjórans Daniel Espinosa, og *Den man älskar* (2007) eftir Åke Sandgren. *Samablóð* eftir Amöndu Kernell var valin til sýninga á yfir 20 alþjóðlegar kvikmyndahátíðum og sýningarrétturinn var seldur til yfir 150 landa.

Á meðal væntanlegra mynda Lindströms eru ævisögulega myndin *Unga Astrid* í leikstjórn Pernille Fischer Christensen, og *Charter*, næsta mynd Kernell í fullri lengd.

FRAMLEIÐSLUUPPLÝSINGAR

Titill á frummáli	<i>Sameblod</i>
Leikstjórn & handrit	Amanda Kernell
Aðalhlutverk	Lene Cecilie Sparrok, Mia Sparrok, Maj-Doris Rimpi
Framleiðandi	Lars G. Lindström
Framleiðslufyrirtæki	Nordisk Film Production
Lengd	110 mínútur
Dreifing innanlands	Nordisk Film Distribution
Alþjóðleg dreifing	LevelK